

Heimilt er þó að gefa út kúabólusetningarvottorð á eldra vottorðsform til 1. janúar 1967. Vottorð útgefin á eldra formi gilda í 3 ár frá gildistökuþegi.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í sóttvarnarlögum nr. 34 12. apríl 1954, gengur í gildi 1. ágúst 1966.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júní 1966.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

25. júlí 1966.

Nr. 154.

AUGLÝSING

um nýja lyfjaverðskrá II.

Frá og með 10. ágúst 1966 gengur í gildi ný lyfjaverðskrá II og fellur þá jafnframt úr gildi lyfsöluskrá II, útgefin 8. febrúar 1963, með áorðnum breytingum.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. júlí 1966.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

15. júlí 1966.

Nr. 155.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 2. maí 1958:

I. Aðalbrautarréttur hefur verið ákveðinn á Fjarðargötu.

Við umferð á akrein frá Fjarðargötu að Lækjargötu verði gætt ákvæða umferðarlaga um biðskyldu við mót akreinarinnar og Strandgötu.

Við umferð norður Strandgötu að Lækjargötu verði sömuleiðis gætt ákvæða umferðarlaga um biðskyldu við gatnamót Fjarðargötu og gatnamót Lækjargötu.

Við gatnamót Fjarðargötu og Strandgötu, sunnan þrihyrningsins, hefur umferð úr Fjarðargötu forgangsrétt fyrir umferð suður Strandgötu.

II. Einstefnuakstur hefur verið ákvæðinn á Strandgötu frá norðri til suðurs frá gatnamótum Reykjavíkurveggar að norðan að gatnamótum Lækjargötu að sunnan.

III. Hægri beygja úr Þúfubarði suður Reykjanesbraut og vinstri beygja af Reykjanesbraut vestur Þúfubarð hafa verið bannaðar.

Ákvæði auglýsingar nr. 163 frá 26. ágúst 1960, um umferð í Hafnarfirði, breytast í samræmi við ákvæði þessarar auglýsingar.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 15. júlí 1966.

Einar Ingimundarson.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald lyfjabúða fyrir árið 1966.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum ber að greiða fyrir árið 1966 vegna eftirlits með lyfjabúðum samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur:	Kr.	15 000.00
II.	—	— 12 000.00
III.	—	— 9 000.00
IV.	—	— 6 000.00
V.	—	— 3 000.00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

- I. flokkur: Reykjavíkur apótek.
- II. flokkur: Ingólfs apótek,
Laugavegs apótek,
Lyfjabúðin Iðunn,
Stjörnu apótek.
- III. flokkur: Apótek Austurbæjar,
Apótek Keflavíkur,
Hafnarfjarðar apótek,
Holts apótek,
Vesturbæjar apótek.
- IV. flokkur: Akranes apótek,
Akureyrar apótek,
Apótek Austurlands, Seyðisfirði,
Apótek Vestmannaeyja,
Garðs apótek,
Kópavogs apótek,
Laugarnes apótek,
Sauðárkróks apótek,
Selfoss apótek.
- V. flokkur: Apótek Neskaupstaðar,
Borgarnes apótek,
Dalvíkur apótek,
Ísafjarðar apótek,
Húsavíkur apótek,
Siglufjarðar apótek,
Stykkishólms apótek.